


Efni: Deiliskipulagstillaga Þingskálanness, Hamra og Gæsatanga í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér deiliskipulagstillögu fyrir skipulagssvæðið og hefur eftirfarandi athugasemdir.

Deiliskipulagstillagan nær yfir svæði sem er að langmestu leyti lítt raskað af mannavöldum og inniheldur mikilvægar vistgerðir, þar á meðal hluta af einum stærsta og heillegasta birkiskógi á Snæfellsnesi, sem og votlendissvæði. Að auki er á svæðinu að finna varpstaði hafarnar, sem njóta sérstakrar verndar skv. 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Greinargerð tilgreinir að „ekki er að finna jarðmyndir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd (60/1013) aðrar en fjörur. Votlendi innan svæðisins eru utan byggingareita“¹.

Gögnin sem fylgja skipulagstillögunni eru ekki þess eðlis að einfalt sé að sjá með skýrum hætti hvaða vistgerðir sé þar að finna. Vistgerðakort af svæðinu² (mynd 1) sýnir staðsetningu birkiskógar við skipulagssvæðið. Birkiskógur er aðallega á skipulagsreit sem er nefndur Hamrar í deiliskipulagstillögunni. Birkiskógar eru verndaðir skv. 61. grein náttúruverndalaga.



Mynd 1: Vistgerðakort af skipulagssvæðinu. Á skipulagssvæðinu sem skilgreint er sem Hamrar er birkiskógur merktur með grænum lit. Votlendi eru í gulum lit. Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands.

¹ Sveitarfélagið Stykkishólmur. (2023). Þingskálanness, Hamrar og Gæsatangi – Deiliskipulag.

² Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). Vistgerðakort. <https://vistgerdakort.ni.is>

Vistgerðakortið sýnir líka votlendi á svæðinu. Votlendi eru merkt með gulum lit. Það er tiltölulega erfitt að greina nákvæmlega votlendi á yfirlitsmynd Náttúrufræðistofnunnar Íslands en kortasjá Sveitarfélagsins Stykkishólms sýnir votlendi og birkiskóg vel, sbr. mynd 2. Votlendi stærri en 20.000 m² eru vernduð skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013.



Mynd 2: Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa skv. 61. grein náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Birkiskógur er merktur með grænum lit og votlendi eru ljósbrún. Heimild: Vefsíða Sveitarfélagsins Stykkishólms.

Samanburður vistgerða, fyrirhugaðra vegaframkvæmda og byggingareita leiðir í ljós líklegt rask á vistgerðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein náttúruverndarlaga.

- Við Hamra eru nokkrir byggingareitir innan svæðis sem er skilgreindur birkiskógur. Vegur sem er fyrirhugaður að byggingareitum er líka innan birkiskógar og líklega að hluta í votlendi, þótt erfitt sé að greina það með öryggi út frá framlögðum gögnum. Um að ræða er nýjan veg við Hamra að byggingareitum frístundahúsanna H1, H2, H3, H4, H5, H6, H7, H8 og H9.
- Á Þingskálanesi eru tveir byggingareitir, báðir líklegast utan votlendis. Fyrirhugaður vegur virðist aftur á móti liggja að hluta um votlendi og er að mati Breiðafjarðarnefndar erfitt að leggja veg að frístundalóð þ5 án þess að raska votlendi á svæðinu.

Til að geta betur metið möguleg umhverfisáhrif deiliskipulagsins þarf að setja það fram á korti sem sýnir með skýrum hætti hversu mikil röskun verði á vistgerðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Óskar nefndin eftir að fá slíkan upprátt til skoðunar.

Breiðafjarðarnefnd telur að framkvæmdir við verndarsvæðið muni alltaf hafa áhrif á verndarsvæði Breiðafjarðar, m.a. vegna þess að hluti af verndargildi svæðisins er einstakt landslag þess, sem lög 54/1995 um vernd Breiðafjarðar eiga að vernda³. Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að allar byggingar eru fyrirhugaðar lengra en 50 metra frá stórstraumsflóðsmörkum, sem Breiðafjarðarnefnd fellst á. Nefndin telur æskilegt að aðlaga hús að landslagi svæðisins eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulagstillögu.

Breiðafjarðarnefnd telur að við hönnun og framkvæmdir vegna fráveitu þurfi að taka tillit til sérstakra og verndaðra vistgerða (sbr. lög nr. 60/2013), bæði á verndarsvæðinu og deiliskipulagssvæðinu öllu. Kortasjá Sveitarfélagsins Stykkishólms, sbr. mynd 4, sýnir mikilvægar leirur milli Gæsatanga og Þingskálaness.



Mynd 3: Leirur milli Gæsatanga og Þingskálaness við skipulagssvæðið. Heimild: Vefsíða Sveitarfélagsins Stykkishólms.

Þegar er hafin skógrækt á svæðinu með framandi trjátegundum. Breiðafjarðarnefnd telur varhugavert að stunda slíka skógrækt í jaðri náttúrulegs birkiskógar og verndarsvæðis Breiðafjarðar líkt og er á hluta svæðisins.

Breiðafjarðarnefnd undirstrikar að lokum lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og mikilvægi þess að gæta að markmiðum þeirra laga þegar það kemur að skipulagi við verndarsvæðis. Samkvæmt deiliskipulaginu eru allar framkvæmdir fyrirhugaðar meira en 50 metra frá strandlengju Breiðafjarðar en áhrifin á verndarsvæðið eru enn frekar óljós hvað varðar t.d. útlit húsa, rask á vistgerðum, fráveitumál og vegagerð. Mikilvægt er að líta á verndarsvæðið í samhengi nærumhverfis þar sem landslag Breiðafjarðar verður fyrir áhrifum vegna framkvæmda á jaðri verndarsvæðisins.

³ Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html> ;1. grein.

Virðingarfyllst,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar